



Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi
Erindi nr. P 139/2112
komudagur 28.4.2011

Reykjavík, 26.04.2011

Tilv. 90.13

JS/sdk

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum, 719. mál, 139. löggj. þing 2010-2011

Vísað er í erindi iðnaðarnefndar Alþingis dags. 15. apríl 2011 varðandi umsögn um ofangreint frumvarp til laga.

Hafrannsóknastofnunin hefur engar athugasemdir fram að færa varðandi frumvarpið.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:


575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík - Iceland
jun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími/Tel: +354 515 90 00
Fax: +354 515 90 07

Alþingi
Alþingi

Erindi nr. B 139/2295
komudagur 5. 5. 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04.05.2011
Tilvísun vor: 98.11

Efni: **Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum, þskj. 1243 - 719. mál**

Að beiðni Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum, þskj. 1243 - 719. mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.

Landsvirkjun hefur farið yfir efni frumvarpsins og gerir ekki við það athugasemdir.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

Alþingi 139/2.
Erindi nr. P 137/2299
komudagur 3.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK


Garðabær, 03. maí 2011
2011040020/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (olíuleitarleyfi), 719. mál


Vísað er til tölvupósts/bréfs frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (olíuleitarleyfi), 719. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Alþingi
Erindi nr. P 139/205/
komudagur 18. 4. 2011



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. apríl 2011
Tilvísun: 2011040006/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum, 719. mál

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með síðari breytingum, 719. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér framangreint frumvarp og gerir ekki athugasemdir við efni þess. Hins vegar vill Orkustofnun vekja athygli á atriði sem ekki er tekið á í efni umrædds frumvarps til laga og varðar 6. mgr. 2. gr. laga nr. 13/2001. Í umræddri málsgrein er að finna skilgreiningu á leyfishafa sem samkvæmt orðalagi ákvæðisins er eftirfarandi: „Leyfishafi merkir í lögum þessum skráður aðili hér á landi sem fengið hefur leyfi til leitar, rannsóknar og/eða vinnslu kolvetnis skv. III. og IV. kafla [laganna].“

Samkvæmt framangreindri skilgreiningu á leyfishafa eru handhafar leitarleyfis, sem er ekki sérleyfi og er veitt til að hámarki þriggja ára, skilgreindir á sama hátt og handhafar sérleyfis til rannsóknar- og/eða vinnslu kolvetnis, og því undirorpnir kröfum hvað varðar t.d. skattlagningu og skráningarskyldu. Að mati Orkustofnunar er verið að leggja verulega íþyngjandi kröfur á herðar leitarleyfishafa og í engu samræmi við eðli þeirra framkvæmda. Kann þetta einnig að hamla áhuga leitaradila til að sækja um leyfi til leitar hér á landi.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Lárus Ólafsson
yfirlögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 139/2180
komudagur 3.5.2011



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2011

Varðar : Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, 719. mál.

Samtök iðnaðarins þakka fyrir að fá tækifæri á að koma með athugasemdir við ofangreint frumvarp. Frumvarpið er sett fram til að gera breytingar á lagaumgjörð olíu- og gasvinnslu. Útboð á leyfum til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis árið 2009 var prófsteinninn á lagaumgjörð þessarar atvinnugreinar hérlandis. Í því ferli kom fram gagnrýni á löggjöfina því ýmis atriði reynsdust veruleg hindrun í útboðsferlinu.

Samtökin styðja þessa lagabreytingu og telja hana til verulegra bóta. Nauðsynlegt er að lagaumhverfið sé gegnsætt, auðskilið og í samræmi við það sem þekkist í samkeppnislöndum. Hafa þarf í huga að Drekasvæðið, sem fyrirhugað er að setja í útboðsferli innan tíðar, er á margan hátt fráhrindandi og verður að vera samkeppnishæft að þessu leyti. Fram kemur í greinargerð að horft var til Noregs við undurbúning frumvarpsins og teljum við rétt að nýta þannig áratuga reynslu nágranna okkar. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Gerð er athugasemd við orðalag í 5. gr „... skal Orkustofnun ákveða rekstraraðila fyrir hvert einstakt leyfi.“ Í raun er OS að samþykkja aðila sem umsækjandi tilkynnir um, eins og fram kemur í greinargerð og er það orðalag heppilegra. Í 2. mgr. er heimild fyrir OS til að skipta um rekstraraðila að eigin frumkvæði. Æskilegt væri að skýra frekar hvernig þetta gerist, hvort leyfishafa er heimilt að tilnefna nýjan aðila og hvernig farið verður með samninga.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Bryndís Skúladóttir'.

Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála